

Ísafjarðarbær,  
Gísli Halldór Halldórsson,  
Stjórnsýsluhúsinu,  
400 ÍSAFIRÐI



Reykjavík 27.03.2018

**Efni: Eignir Íbúðalánasjóðs til útleigu fyrir sveitarfélögin**

Með bréfi þessu vill Íbúðalánasjóður kanna húsnæðisþörfina í sveitarfélaginu og hvort það sé áhugi sveitarfélagsins til frekara samstarfs við sjóðinn þegar kemur að leigueignum Íbúðalánasjóðs.

Tilgangur Íbúðalánasjóðs er m.a. að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum. Sjóðurinn er með bréfi þessu að setja sig í samband við sveitarfélögin til að kanna möguleika á samstarfi í húsnæðismálum þar sem sjóðurinn býður sveitarfélögum að leigja eignir í eigu sjóðsins undir sína skjólstæðinga. Er um tímabundið úrræði að ræða þar sem sjóðurinn er að bregðast við breyttum aðstæðum á fasteignamarkaði og skorti sem orðið hefur á húsnæði í einstaka sveitarfélögum. Íbúðalánasjóður vill af þessum sökum bjóða sveitarfélögum til viðræðna um þetta úrræði sem gæti hjálpað þeim við að uppfylla skyldur sínar til að útvega húsnæði fyrir þá sem þess þurfa innan sveitarfélagsins.

Eftirtaldar eignir ÍLS eru í sveitarfélaginu Ísafjarðarbær og nýting þeirra þann 23.03.2018 eins og hér kemur fram;

a) Samtals eignir í sveitarfélaginu .....	12
b) Þar af í leigu 23.03.2018 .....	5
c) Eignir í sölumeðferð hjá fasteignasölum .....	5
d) Aðrar eignir ÍLS í sveitarfélaginu .....	2

Í úrræði þessu er sveitarfélaginu boðið að skoða 6 eign/ir sjóðsins með það í huga að taka þær á leigu, sjá meðfylgjandi lista. eru þær í þeim hluta eignasafnsins sem er í sölumeðferð eða merktar „Aðrar eignir“ hér að ofan.

Undanskildar eru þær eignir sem eru í lökustu ástandi og þær eignir sem búið er að samþykka kauptilboð í og eru þær eignir samtals 1 talsins.


Um er að ræða eignir sem sjóðurinn hefur leyst til sín til að fullnusta kröfum. Ástand þeirra er mismunandi og margar þarfnast lagfæringa. –

Eignir sem eru nú þegar komnar í sölu verða ekki teknar frá og bjóðast því eingöngu að því gefnu að ekki liggi fyrir samþykkt kauptilboð þegar leigusamningur verður gerður.

Sumar eignir sjóðsins þarfnast umfangsmeiri lagfæringa og hafi sveitarfélagið áhuga á að fara í nauðsynlegar framkvæmdir getur sjóðurinn endurspeglað hluta af útlögðum kostnaði í lægra leiguverði. Allar framkvæmdir þurfa samt að vera í samráði við Íbúðalánasjóð.

Ef frekari upplýsinga er óskað um eignirnar eða annað sem lýtur að leigu þeirra, þá vinsamlegast sendið fyrirspurnir á netfangið [leigumal@ils.is](mailto:leigumal@ils.is)

Bestu kveðjur,



Hermann Jónasson forstjóri

*Þær eignir sem standa sveitarfélaginu til boða að leigja, miðast við eignalista d. 23.mars 2018*

Ísafjarðarbær

Sveitarfélag	Veðstaður	FMR	Eplög	Staða íb.	FM	Póstnr	Fjöldi herb.	Tegund
Ísafjarðarbær	Engjavegur 19	2119362	10101	AUÐ	150	400	6	Einbýli
Ísafjarðarbær	Hjallavegur 8	2119758	10101	SALA	128,5	400	2	Tvibýli
Ísafjarðarbær	Skólavegur 5	2120323	10101	SALA	130,2	410	4	Einbýli
Ísafjarðarbær	Grundarstigur 4	2126436	10101	SALA	167,4	425	6	Einbýli
Ísafjarðarbær	Drafnargata 13	2126371	10101	SALA	130	425	5	Raðhús
Ísafjarðarbær	Drafnargata 15	2126373	10101	SALA	196,5	425	5	Raðhús